

Miðvikudaginn 28. maí 1969.

Nr. 234/1968. **Páll S. Pálsson hrl. f. h.**
Ludwig Wünsche & Co.
 (Þorsteinn Júlíusson hdl.)
 gegn
Óskari Ingiberssyni og
Jóni Ingiberssyni
 (Einar Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Uppboð. Gengi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. desember 1968. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og ákveðið, að fiskflatningsvél sú, sem um er fjallað í málinu, verði seld til lúkningar á eftirstöðvum dómskuldar, DM 10.868.96, auk 1% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 18. febrúar 1968 til greiðsludags svo og eftirstöðvum uppboðskostnaðar, allt að frádregnum kr. 13.037.10. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er rækilega lýst í hinum áfrýjaða úrskurði. Hinn 14. maí 1969 greiddu stefndu kr. 7.00 upp í kröfur áfrýjanda og töldu þær þar með að fullu greiddar.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, deila aðiljar í máli þessu um fimm atriði.

Atriði a. b. og e. Greiðsla 24. október 1967.

Staðfesta ber úrlausn uppboðsdómara um þessi atriði, þar sem málinu hefur eigi verið gagnáfrýjað. Ber því að miða við, að ógreitt hafi verið af dómkröfum áfrýjanda hinn 31. desember 1967 11.084.59 vestur-þýzk mörk.

Atriði c. Greiðslur 29. febrúar 1968.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, greiddu stefndu á uppboðsþingi 29. febrúar 1968 til áfrýjanda kr. 10.547.90 í reiðu fé og afhentu uppboðsdómara sparisjóðsbók með innstæðu kr. 85.000.00, sem þeir þó mótmæltu, að afhent yrði áfrýjanda. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi hefur áfrýjandi eigi fengið það fé, sem var í sparisjóðsbók þessari. Afhending sparisjóðsbókar þessarar til uppboðsdómara jafngildir eigi greiðslu upp í uppboðskröfu áfrýjanda, sbr. ákvæði 41. gr. laga nr. 93/1933, og getur því fé það, sem hér um ræðir, ekki komið til frádráttar kröfum áfrýjanda. Af greiddu reiðufé, kr. 10.547.90, er áfrýjanda heimilt að taka fyrst eftirstöðvar málskostnaðar, kr. 870.80, sem eigi er um deilt, kr. 9.727.10 skulu renna til greiðslu höfuðstóls kröfu áfrýjanda, miðað við sölugengi vesturþýzkra marka í Reykjavík á greiðsludegi, en 100.00 vesturþýzk mörk jafngiltu þá kr. 1.424.95.

Atriði d. Leyfisgjald og bankapóknun.

Stefndu er rétt að greiða skuld þá, sem um er fjallað í máli þessu, með krónum, miðað við sölugengi vesturþýzkra marka á greiðsludegi. Verður því eigi ákveðið uppboð til lúkningar þessum fjárhæðum.

Fjárhæðir þær, er stefndu greiddu áfrýjanda 4. marz 1968, 6. nóvember 1968 og 14. maí 1968, ber með skirskotun til raka í hinum áfrýjaða úrskurði að reikna sem greiðslu á kröfum áfrýjanda, miðað við sölugengi vesturþýzkra marka á greiðsludögum.

Samkvæmt framangreindu og því, sem í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, nam ógreiddur höfuðstóll kröfu áfrýjanda 1. desember 1968 7.233.57 vesturþýzkum mörkum og ógreiddir vextir 468.50 vesturþýzkum mörkum, en frá þeirri fjárhæð ber að draga 0.32 vesturþýzk mörk, jafnvirði þeirra kr. 7.00, sem greiddar voru 14 maí 1969.

Ber því að leyfa nauðngaruppboð á hinni fjárnumdu eign til lúkningar vesturþýzkum mörkum 7.701.75, auk 1% vaxta á mánuði af vesturþýzkum mörkum 7.233.57 frá 1.

desember 1968 til greiðsludags í íslenskum krónum eftir gengi í Reykjavík á greiðsludegi, svo og ógreiddum uppboðs-kostnaði.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Hið umbeðna uppboð skal fram fara til lúkningar á vestur-þýzkum mörkum 7.701.75, auk 1% vaxta á mánuði af vestur-þýzkum mörkum 7.233.57 frá 1. desember 1968 til greiðsludags í íslenskum krónum eftir gengi í Reykjavík á greiðsludegi, svo og ógreiddum uppboðs-kostnaði.

Stefndu, Óskar Ingibersson og Jón Ingibersson, greiði áfrýjanda, Páli S. Pálssyni hrl. f. h. Ludwig Wünsche & Co., kr. 30.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 25. nóvember 1968.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum mál-flutningi þann 6. nóvember s.l.

Mál þetta var höfðað með uppboðsauglýsingu, fyrst birtri 21. febrúar 1968. Aðiljar uppboðsmálsins eru uppboðsbeiðandi, Ludwig Wünsche & Co., Hamborg, og uppboðspolar, Óskar Ingibersson, Keflavík, og Jón Ingibersson, Ytri-Njarðvík. Uppboðshaldari hefur reynt sáttir í máli þessu, en án árangurs.

Dómkröfur gerðarbeiðanda eru þær, að seld verði á nauðungar-uppboði hið fjárnumda, Baader fiskflatningsvél, til lúkningar eftirstöðvum dómskuldar og eftirfarandi kostnaðar, sem gerðar-beiðandi sundurliðar þannig: Höfuðstóll DM 10.868.95 að frádregnum ísl. kr. 11.447.90 (innborgun 29. febrúar 1968, kr. 12.267.90, að frádregnum eftirstöðvum kostnaðar, kr. 820.80) ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 18. febrúar 1968 til greiðsludags. Jafnframt hefur uppboðs-beiðandi krafizt málskostnaðar úr hendi uppboðspola.

Uppboðspolar hafa gert þær dómkröfur, að synjað verði um framgang uppboðsins og að uppboðsbeiðanda verði gert að greiða uppboðspolum málskostnað.

I.

Málavextir eru þeir, að með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum árið 1967, voru þeir Óskar Ingibergsson og Friðrik Jörgensen in solidum dæmdir til að greiða uppboðsbeiðanda víxil að fjárhæð DM 20.761.94 ásamt vöxtum og kostnaði.

Umboðsmaður uppboðsbeiðanda, Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður, kveðst þá um sumarið hafa haft samband við Óskar Ingibergsson og tjáð honum kröfu uppboðsbeiðanda um tafarlausu fullnægju dómsins. Seint í ágústmánuði 1967 eru uppboðspolar sagðir hafa komið á skrifstofu lögmanns uppboðsbeiðanda og beðið um nokkurn greiðslufrest, meðal annars til að fá tóm til að skrifa uppboðsbeiðanda út af viðskiptum þeirra, en einnig vegna greiðsluerfiðleika. Af skjölum málsins verður séð, að þann 13. október 1967 hafi uppboðsbeiðandi gert fjárnám í áðurnefndri Baader flatningsvél fyrir dómkröfunni ásamt áföllnum og eftirfarandi kostnaði.

Þann 24. október 1967 greiddu uppboðspolar inn á dómkröfuna kr. 150.000.00 til lögmanns uppboðsbeiðanda. Lögmaður uppboðsbeiðanda gaf kvittun fyrir nefndri inngreiðslu, sem hljóðar svo:

„Inngreitt á ofan nefnda kröfu í dag, kr. 150.000.00 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund —. Reykjavík 24/10 1967, Páll S. Pálsson“.

Ekki verður séð, að aðiljar málsins hafi gert neins konar fyrirvara við umrædda inngreiðslu.

Lögmaður uppboðsbeiðanda hefur hér fyrir uppboðsréttinum skýrt svo frá, að uppboðspolar hafi þá við inngreiðsluna á áðurnefndri fjárhæð beðið sig enn um að fresta uppboðsbeiðni og haft góð orð um það að greiða eftirstöðvarnar innan hálfis mánaðar, eða að minnsta kosti mjög fljótlega.

Uppboðspolar hafa hér fyrir dómi lýst því, að áðurnefnd inngreiðsla, kr. 150.000.00, hafi verið lágmarksgreiðsla, til þess að þeir fengju einhvern frest. Kváðust þeir ekki muna eftir því, að ákveðinn frestur hafi verið settur til að greiða eftirstöðvarnar, en þó hafi verið miðað við það, að þær yrðu greiddar, strax og uppboðspolar gætu. Við áðurnefnt tækifæri kváðust uppboðspolar hafa boðið umboðsmanni uppboðsbeiðanda 5% afslátt þann, sem þeir töldu sig eiga á uppboðsbeiðanda út af kaupum á nót,

og hafi uppboðspolar á þessum tíma talið þann afslátt nema kr. 50.000.00. Umboðsmaður uppboðsbeiðanda hafi þó ekki viljað taka við afslættinum sem greiðslu, en bent uppboðspolum á að snúa sér beint til uppboðsbeiðanda og fá samþykki hans.

Seint í nóvembermánuði 1967 varð verðfall á íslenskum gjaldmiðli. Hefur lögmaður uppboðsbeiðanda skýrt svo frá, að þann 11. desember 1967 hafi uppboðspolar engan lit verið farnir að sýna á því að efna loforðið frá 24. október þ. á. Hafi hann því sótt um yfirfærslu á DM 8.282.55, sem séu áður nefndar kr. 150.000.00 að fráðregnum málskostnaði. Yfirfærslan hafi fengizt á Þorláksdag og hafi ávísunin verið send til uppboðsbeiðanda þann 27. desember 1967.

Með bréfi, dags. 21. desember 1967, fór umboðsmaður uppboðsbeiðanda þess á leit við sýslumann Gullbringu- og Kjósarsýslu, að hið fjárnumda yrði selt á nauðungaruppboði. Af skjölum málsins er svo að sjá, að gerðarþolar hafi greitt til umboðsmanns uppboðsbeiðanda kr. 25.000.00 auk ávísunar á innstæðu að fjárhæð kr. 22.500.00 og að fjárhæðir þessar hafi verið yfirfærðar þann 16. febrúar 1968 (DM 3.342.35), og féllst lögmaður uppboðsbeiðanda á í hinum munnlega flutningi, að þetta væri rétt, enda lýsti hann því yfir, að fyrri skilningur sinn um, að ávísunin á kr. 22.500.00 innstæðu hefði ekki fengizt innleyst, hefði verið á misskilningi byggður.

Þann 29. febrúar 1968 var mál þetta fyrst tekið fyrir í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu. Greiddi þá umboðsmaður uppboðspola kr. 10.547.90 með ávísun og kr. 85.000.00 með sparisjóðsbók til uppboðshaldara, og taldi umboðsmaður uppboðspola fjárhæðina þá fullnaðargreiðslu á kröfum uppboðsbeiðanda. Umboðsmaður uppboðsbeiðanda taldi hins vegar greiðsluna ófullnægjandi og krafðist þess, að uppboðinu yrði fram haldið. Málinu var þó frestað með samkomulagi aðiljanna. Þann 4. marz s. á. var uppboðsrétturinn settur á ný. Greiddi þá umboðsmaður uppboðspola til uppboðshaldara kr. 1.720.00, sem hann þá taldi fullnaðargreiðslu. Af gögnum málsins verður ráðið, að uppboðspolar höfðu beðið um kyrrsetningu á áður nefndri sparisjóðsbók vegna kröfu, sem þeir töldu sig eiga á uppboðsbeiðanda út af meintu loforði hans um 5% afslátt vegna kaupa á nót þeirri, sem að framan greinir. Uppboðspolar létu framkvæma kyrrsetningu í sparisjóðsbók þessari út af áður nefndum meintum kröfum þann 18. marz 1968.

Í fyrrgreindu réttarhaldi þann 4. marz 1968 var af þessu tilefni

meðal annars bókað: „Lýsir hann (umboðsmaður uppboðspola) því yfir, að löghaldsbeiðni hans, sem lögð var fyrir bæjarfógetann í Hafnarfirði 29/2 s.l., nái aðeins til kr. 85.000.00, sem hann telur nægja til tryggingar gagnkröfu sinni. Gerðarbeiðandi krefst þess að fá í sínar hendur allt það fé, sem greitt hafi verið til uppboðshaldara. Umboðsmaður uppboðspola lýsir því yfir, að hann samþykki, að gerðarbeiðanda verði afhentar kr. 12.267.90, en mótmælir, að kr. 85.000.00 séu afhentar gerðarbeiðanda, þar sem beið hafi verið um löghald fyrir þeirri fjárhæð.

Gerðarbeiðandi kveðst líta svo á, að eigi sé um greiðslu að ræða, fyrr en féð sé komið í sínar hendur eða umbj. síns og þar eð nú sé viðurkennt af umboðsmanni uppboðspola, að honum sé skylt að greiða umræddar kr. 85.000.00 — og hann greiði þær ekki til sín og haldi uppi mótmælum gegn því, að uppboðshaldari afhendi þessa fjárhæð, þá telji hann, að viðurkennt sé, að uppboðskröfu sinni sé ekki fullnægt. Krefst hann þess, að uppboðið haldi áfram“.

II.

Höfuðstóll skuldarinnar nam DM 20.761.94. Uppboðspolar hafa látið þessar greiðslur af hendi rakna:

1. Kr. 150.000.00, greiddar 24. október 1967. Fjárhæðin að frá-dregnum málskostnaði, provision og leyfisgjaldi yfirfærð 23. desember 1967 með DM 8.282.55.

2. Peningar og ávísun á geymslufé, samtals kr. 47.500.00, afhent í janúar 1968, en yfirfært 16. febrúar 1968 með DM 3.342.35.

3. Ávísun, kr. 10.547.90, afhent í uppboðsþingi þann 29. febrúar 1968, og kr. 1.720.00, afhentar á uppboðsþingi 4. marz s. á., samtals kr. 12.267.90.

4. Kr. 1.583.00, afhentar á uppboðsþingi þann 6. nóvember 1968. Óumdeilt er, að allar þessar innngreiðslur hafi farið fram.

5. Sparisjóðsbók með kr. 85.000.00 innstæðu, afhent á uppboðsþingi þann 29. febrúar 1968.

Umþrætt er, hvort umrædd sparisjóðsbók hafi verið lögleg greiðsla eða ekki, eins og á stóð.

Enn fremur greinir aðilja verulega á um það, hvernig reikna beri út eftirstöðvar af kröfu gerðarbeiðanda.

Gerðarbeiðandi telur, að eftirstöðvarnar beri að reikna út þannig:

„Höfuðstóll	DM 20.761.94
1% dráttarvextir frá 31/5 1967—31/12 1967 ..	DM 1.453.27
Yfirfært 23/12 1967	DM 8.282.55
1% dráttarvextir frá 31/12 1967	
—18/2 1968 af DM 13.932.66 ..	DM 278.64
Yfirfært 16/2 1968	DM 3.342.35

DM 11.624.90 DM 22.493.85

Eftirstöðvarnar eru því DM 10.868.95

ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 18. febrúar 1968 til greiðsludags.

Af 150.000.00 kr. inngreiðslunni var tekið samkvæmt neðanrituðu kr. 30.127.00 fyrir málskostnaði og útlögðum kostnaði og sótt um yfirfærslu fyrir afgangnum. Fengin var yfirfærsla fyrir kr. 119.723.20, sem skiptast þannig:

DM 8.282.55 á 1.431.10 kr. 118.531.55

Provision — 592.65

Leyfisgjald — 599.00

en mismunurinn á þeirri upphæð og 150.000.00 kr. er kr. 30.276.80, sem endanlega reiknaðist upp í kostnað og málskostnað.

Seinni yfirfærslan var algjörlega reiknuð út af Útvegsbankanum, og greiddi skrifstofan af þeirri ávísun kr. 25.000.00 (sic), er greiddar voru til hennar með ávísun 29/1 1968.

Kostnaður sundurliðast þannig:

Málskostnaður	kr. 25.340.00
Stimpil- og afsagnarkostnaður	— 707.00
Endurrit dóms	— 30.00
Birting dóms	— 130.00
Gr. bæjarfógeta v fjárnáms	— 2.420.00
Mót dagpen. + bílkostn. v/ fjárn.	— 1.500.00
Bílkostn. til Njarðvíkur v. uppboðsfyrirtöku	
26/1 1967	— 500.00
Mót vegna sama	— 500.00

Samtals kr. 31.127.00

Greitt — 30.276.80

Eftirstöðvar kr. 820.20“

Uppboðsbeiðandi telur þó, að af DM 10.868.95 eigi að koma til frádráttar kr. 11.447.90 (innngreiðsla 29. febrúar 1968, kr. 12.267.90 að frádregnum eftirstöðvum kostnaðar, kr. 820.80). Uppboðspoli telur skuldina að fullu greidda. Hann hefur gert svofellda grein fyrir kröfum sínum:

„Ég tel því að reikna eigi kröfuna þannig:

1. Höfuðstóll	DM 20.761.94
Þar frá dregst greiðsla 24/10 '67 kr. 150.000.00	
á gengi DM 100.00 á móti kr. 1.075.62	DM 13.945.50
	DM 6.816.44

2. Vextir

Af DM 20.761.94 í 5 mán. DM 1.038.09	
Af DM 6.816.44 í 4 mán. DM 272.66	DM 1.310.75
	DM 8.127.19

á gengi DM 100.00 : kr. 1.425.35 kr. 115.840.90

3. Kostnaður	— 29.927.00
	Kr. 145.767.90

Innborgað í jan. '68 kr. 25.000.00

Innborgað með geymslufé — 23.500.00

Innborgað 29/2 '68 — 95.547.90

— 144.047.90

Mismunur, sem ég bið greiðslu á kr. 1.720.00

Samkvæmt þessum útreikningi tel ég, að krafan sé að fullu uppgerð og beri því að synja þess, að hið umbeðna uppboð fari fram“.

Uppboðspoli greiddi auk þess kr. 1.583.00 í réttinum þann 6. nóvember 1968. Telur hann nú skuldina að fullu greidda.

III.

Ágreiningur aðilja stendur um þessi atriði.

a. Á hvaða gengi beri að reikna innngreiðsluna þann 24. október 1967 að fjárhæð kr. 150.000.00.

Uppboðspoli heldur því fram, að þá innngreiðslu beri að reikna á því gengi ísl. krónu, sem skráð hafi verið á þeim tíma, þegar fjárhæðin hafi verið greidd, þ. e. 24. október 1967, en þá hafi

gengið verið DM 100 : ísl. kr. 1.075.62. Hafa uppboðspolar bent á, að almenn regla sé, að skuldarar meggi greiða erlendar kröfur í ísl. krónum og að gengi eigi að miðast við greiðsludag. Hafa uppboðspolar vísað í 41. gr. víxillaga skoðun sinni til stuðnings.

Af hálfu uppboðsbeiðanda hefur því verið haldið fram, að inngreiðsluna eigi að reikna á því gengi, sem hafi gilt, þegar sú fjárhæð hafi verið yfirfærð, þ. e. DM 100 : ísl. kr. 1.431.10.

Hefur uppboðsbeiðandi haldið því fram, að uppboðspola hafi borið að greiða fjárhæðina í erlendri mynt.

Jafnframt hefur hann bent á máli sínu til stuðnings, að uppboðspolar hafi lofað að greiða eftirstöðvar skuldarinnar innan hálfmánaðar frá nefndri inngreiðslu. Enn fremur hafi uppboðsbeiðanda engin skylda borið til þess að yfirfæra inngreiðsluna, fyrr en öll skuldin hefði fengizt að fullu greidd.

b. Hvort lögmanni uppboðsbeiðanda hafi verið heimilt að taka af inngreiðslunni, þ. e. kr. 150.000.00, upp í málskostnað og útlagðan kostnað.

Svo sem að framan er rakið, tók lögmaður uppboðsbeiðanda af áðurnefndri inngreiðslu kr. 30.276.80 upp í málskostnað og annan kostnað, sem á var fallinn, en yfirfærði afganginn, þ. e. ísl. kr. 119.723.20.

Uppboðspolar halda því fram, að heimildarlaust hafi verið að taka fyrst af greiðslu þessari upp í málskostnað. Skuldari ráði því almennt, hvaða kröfu hann greiði af mörgum, og í þessu falli hafi verið ætlun uppboðspola, að inngreiðslan gengi öll til lækkunar á höfuðstólnum. Uppboðsbeiðandi heldur því fram á hinn bóginn, að heimilt hafi verið að taka af inngreiðslunni strax upp í áfallinn málskostnað.

c. Sparisjóðsbók með innstæðu kr. 85.000.00, afhent 29. febrúar 1968.

Sjónarmið uppboðspola er það, að hann hafi átt gagnkröfur á hendur uppboðsbeiðanda. Hann hafi því afhent uppboðshaldara sparisjóðsbók með þessari upphæð, en gert kyrrsetningu í bókinni skömmu síðar, sem þá var í vörzlum uppboðshaldara. Sé því fjárhæð þessi þegar greidd til uppboðsbeiðanda og eigi að reiknast á gengi greiðsludagsins. Uppboðsbeiðandi hefur á hinn bóginn haldið því fram, að ekki sé um greiðslu að ræða, fyrr en féð sé komið í sínar hendur. Uppboðspoli hafi haldið uppi andmælum gegn því, að féð yrði afhent uppboðsbeiðanda, áður en kyrrsetningin hafi verið framkvæmd, og beri því að telja, að ekki sé um greiðslu að ræða, heldur eigi uppboðspoli sjálfur peningana.

d. Leyfisgjald, kr. 599.00, og provision, kr. 592.65. Gjald þetta er kostnaður við að yfirfæra áðurnefndar kr. 119.723.20, eins og útreikningar uppboðsbeiðanda hér að framan bera með sér.

Uppboðspoli heldur því fram, að þennan kostnað beri sér ekki að greiða, með því að hann hafi ekki verið dæmdur, og sé hann því málinu óviðkomandi.

Uppboðsbeiðandi telur sér heimilt að taka gjald þetta af nefndri inngreiðslu.

e. Aðilja greinir á um vexti og útreikning þeirra. Hefur uppboðspoli einkum mótmælt því, að uppboðsbeiðanda sé heimilt að láta áðurgreindar inngreiðslur fyrst ganga upp í þegar áfallna vexti, og heldur því fram, að skuldari ráði því, upp í hvaða hluta kröfu inngreiðsla gangi.

Uppboðsbeiðandi heldur því fram, að það sé á hans valdi að kveða á um það, upp í hvaða hluta kröfu inngreiðsla gangi.

Enn fremur heldur uppboðspoli því fram, að dráttarvextir séu reiknaðir af dráttarvöxtum, eins og yfirlit uppboðsbeiðanda er fram sett, en slíkt sé ekki heimilt.

IV.

Um a. Uppboðspolum var rétt að greiða hina erlendu kröfu í ísl. krónum. Styðst sú niðurstaða við 41. gr. laga nr. 93/1933, en er auk þess almenn skoðun fræðimanna. Uppboðsbeiðandi hefur heldur ekki skotið neinum viðhlýtandi stoðum undir það, að skuldina hafi átt að greiða í „virkri erlendri mynt“.

Af hálfu uppboðsbeiðanda var tekið við kr. 150.000.00 upp í uppboðskröfuna án athugasemda 24. október 1967. Var ekki gerður fyrirvari vegna hugsanlegrar gengisbreytingar né hefur verið sýnt fram á, að viðtaka peninganna hafi farið fram á þeirri forsendu.

Verður því við það miðað, að ofangreind fjárhæð hafi verið greidd 24. október 1967, og miðað við það gengi, sem gerðarpolar töldu gilda á þeim tíma, þ. e. DM 100 : 1.075.62 ísl. krónum. Samkvæmt því verður gerðarbeiðandi að bera hallann af þeirri verðyrnun ísl. krónu, sem skeði seint í nóvembermánuði 1967, áður en fjárhæðin var yfirfærð.

Um b. Samkvæmt almennum reglum um greiðslur og með því að fullnustugerðir voru hafnar var uppboðsbeiðanda rétt að kveða á um það, upp í hvaða hluta af hinum gjaldföllnu fullnustukröfum inngreiðslan á áðurnefndum kr. 150.000.00 skyldi ganga. Gerðarbeiðandi lét framangreinda fjárhæð ganga upp í

áfallinn málskostnað, kr. 30.267.80. Verður það talið heimilt samkvæmt ofansögðu. Afleiðingin verður sú, að aðeins kr. 119.723.20 reiknast á genginu DM 100 : 1.075.62.

Um c. Gerðarþolar afhentu í uppboðsrétti þann 29. febrúar 1968 sparisjóðsbók með kr. 85.000.00 innstæðu, eins og áður er rakið, sem greiðslu upp í uppboðskröfunna. Töldu gerðarþolar þá fjárhæð ásamt kr. 10.547.90, sem þeir greiddu einnig við þetta tækifæri, þá nægja til greiðslu uppboðskröfunnar. Ekki verður annað séð en að uppboðsbeiðandi hafi bæði sætt sig við það, að greitt var með sparisjóðsbók og að greiðsla þessi var innborgun en ekki fullnaðargreiðsla (að áliti uppboðsbeiðanda).

Við mat á þessu er á það að líta, að uppboðsbeiðanda var í lófa lagið að krefjast úrskurðar uppboðshaldara um lögmæti greiðslu þessarar, ef deilur hefðu risið:

1. Þar eð uppboðsbeiðandi teldi sér óskýlt að taka við sparisjóðsbók sem greiðslu eða
2. Uppboðsbeiðandi teldi sér óskýlt að taka við fjárhæð, sem ekki var fullnaðargreiðsla.

Uppboðsbeiðandi krafðist þess á hinn bóginn, að uppboðið færi fram, þar sem framboðin greiðsla væri ófullnægjandi. Þessi krafa uppboðsbeiðanda verður þó ekki skilin öðru vísi en svo, að uppboðsbeiðandi hafi talið á skorta, að uppboðskrafan væri að fullu greidd þrátt fyrir ofan nefndar inngreiðslur, enda hafði þá þegar risið ágreiningur milli aðilja um útreikning og jafnvel tilvist einstakra inngreiðslna.

Það er óumdeilt, enda augljóst, að uppboðspolar hugðust greiða nefnda sparisjóðsinnstæðu til greiðslu á uppboðskröfunni. Eins og málum var hér háttað, bar uppboðsbeiðanda að taka skýra og ótvíræða afstöðu, strax og tilefni var til, til áðurnefndra inngreiðslna, ef hann taldi sér af einhverjum orsökum óskýlt að taka við þeim, og eftir atvikum að krefjast úrskurðar uppboðshaldara um deiluatridi, ef því var að skipta, sbr. 2. gr. laga nr. 57/1949.

Uppboðsbeiðandi fylgdi ekki þessum meginsjónarmiðum og gaf þar með uppboðspolum ástæðu til að ætla, að hann sætti sig við inngreiðsluna á kr. 85.000.00 með sparisjóðsbók þeirri, sem fyrr er nefnd. Verður því að telja, að uppboðsbeiðandi hafi samþykkt að veita fjármunum þessum viðtöku í réttarhaldinu þann 29. febrúar 1968.

Í uppboðsrétti þann 4. marz 1968 krafðist uppboðsbeiðandi þess að fá m. a. afhenta ofangreinda sparisjóðsbók, sem þá var í vörzlum uppboðsréttar. Uppboðspolar mótmæltu, þar sem beðið hafði

verið um kyrrsetningu í bókinni. Ekki krafðist uppboðsbeiðandi þó úrskurðar uppboðshaldara um afhendingu bókarinnar þá þegar, heldur lét sitja við yfirlýsingar þær, sem að framan eru raktar. Þær yfirlýsingar breyta þó engu um það, að uppboðsbeiðandi telst hafa samþykkt að taka við ofangreindum fjármunum þann 29. febrúar 1968 upp í uppboðskröfuna. Eigi breytir það heldur neinu hér um, þótt gerðarþolar hafi látið framkvæma kyrrsetningu í sparisjóðsbókinni þann 18. marz 1968.

Um d. Kostnaður sá, sem hér um ræðir, hefur ekki verið til-dæmdur, og hvorki hefur hann fallið á við eftirfarandi fullnustu-gerðir né leiðir hann af vanskilum gerðarþola.

Ekki verður séð, að kostnaður þessi hafi neitt komið til álita, þegar áðurnefnd inngreiðsla á kr. 150.000.00 fór fram. Þar sem svo var ástatt, var gerðarbeiðanda óheimilt að láta hluta af nefndri greiðslu ganga upp í kostnað þennan, eins og á stóð.

Um e. Samkvæmt ástæðum, sem nefndar eru í b hér að fram-an, var gerðarbeiðanda rétt að taka fyrst af inngreiðslunum upp í áfallna dráttarvexti.

Niðurstaða málsins verður því sú, að DM 11.130.67 (ísl. kr. 119.723.20) verða fyrst látnar ganga upp í vexti til 31. desember 1967 í samræmi við kröfu gerðarbeiðanda, enda hefur hvorki vaxtaútreikningi né vaxtatíma verið sérstaklega mótmælt, en afgangurinn upp í höfuðstólinn. Eftirstöðvar skuldarinnar voru þá 31. desember 1967 DM 11.084.59. Af yfirfærslunni 18. febrúar 1968, þ. e. DM 3.342.35, sem tölulega hefur ekki verið vefengd, verður í samræmi við kröfur gerðarbeiðanda fyrst látnir greiddast vextir til 18. febrúar 1968, enda hefur gerðarþoli ekki mótmælt þeim vaxtatíma sérstaklega, en afgangurinn upp í höfuðstólinn. Eftirstöðvarnar 18. febrúar 1968 eru þá DM 7.908.51. Því næst verður inngreiðsla 29. febrúar 1968 (kr. 95.547.90 — óumþrættur málskostnaður, kr. 820.80), þ. e. kr. 94.727.10 að jafngildi DM 6.638.43 látnar ganga beint upp í höfuðstól, enda hefur gerðarbeiðandi ekki krafizt þess um greiðslur þessar, að vextir yrðu fyrst greiddir. Standa þá eftir DM 1.270.08. Þann 4. marz 1968 voru greiddar jafngildi DM 120.54. Loks greiddi gerðarþoli þann 6. nóvember 1968 jafngildi DM 110.19 (þ. e. kr. 1.583.00), og standa þá eftir af skuldinni DM 1.039.21 (þar sem inngreiðslur hafa verið reiknaðar til þýzkra marka í úrskurði þessum, hefur verið miðað við sölugengi á greiðsludegi hinna einstöku inn-greiðslna).

Gerðarbeiðanda verður því heimilað nauðungaruppboð fyrir

DM 1.039.21 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem ákveðast af DM 7.908.51 frá 18. febrúar 1968 til 29. febrúar s. á., af DM 1.270.08 frá þeim degi til 4. marz s. á., af DM 1.149.54 frá þeim degi til 6. nóvember 1968, en af DM 1.039.21 frá þeim degi til greiðsludags. Ekki er tilefni til að dæma málskostnað í máli þessu.

Stefán M. Stefánsson, setuuppboðshaldari samkvæmt skipunarbréfi 10. september 1968, kvað upp úrskurð þennan.

Það athugast, að með úrskurði, uppkveðnum 16. maí 1968, vék hinn reglulegi uppboðshaldari Gullbringu- og Kjósarsýslu sæti í máli þessu.

Úrskurðarorð:

Hið umbeðna uppboð skal fram fara til lúkningar DM 1.039.21 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af DM 7.908.51 frá 18. febrúar 1968 til 29. febrúar s. á., af DM 1.270.08 frá þeim degi til 4. marz, af DM 1.149.54 frá þeim degi til 6. nóvember s. á., en af DM 1.039.21 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.